

MINNISBLAÐ

DAGS: 17. janúar 2013

Alþingi
Erindi nr. P 141/1274
komudagur 17.1.2013

EFNI: Um útboð, árangur og kostnað

Fari fyrirhuguð kaup á vöru hjá ríkisstofnun yfir 7.5 milljónir og yfir 14,9 milljónir við kaup á þjónustu, skal verkefnið boðið út hjá Ríkiskaupum. Algengir vöru- og þjónustuflokkar eru boðnir út í rammasamningakerfi ríkisins til nokkurra ára í senn. Ríkisstofnanir og fyrirtæki skulu vera aðilar að rammasamningakerfinu. Sveitarfélög geta sótt um aðild að kerfinu, sem þau hafa raunar flest öll gert. Kaup í rammasamningi skulu gerð meðal seljenda í rammasamningum í virkri samkeppni milli aðila, þar sem gætt er jafnræðis og gegnsæis milli seljenda.

Sé faglega staðið að útboðum eða innkaupum innan rammasamnings er ávinningur marktækur. Kostnaður við útboð er tvíþættur. Annars vegar er það kostnaður vegna ráðgjafar- og útboðsþjónustu Ríkiskaupa en Ríkiskaup leggja alltaf fram tíma- og kostnaðaráætlun í upphafi hvers verks og skráir niður alla tíma sem í verkið fer. Hins vegar er það kostnaður kaupanda sem verður að taka saman þarfir sínar og kröfur áður en boðið er út. Brögð eru að því að ekki sé haldið utan um þessa vinnu.

Hér verða tínd til nokkur dæmi um nýleg útboð og kaup (örútboð) innan rammasamnings sem staðfesta að sé faglega og skipulega að verki staðið skila útboð árangri:

- 1) Árið 2009 ákvað dóms- og kirkjumálaráðuneyti að bjóða út sýnatöku fyrir lögregluna. Sýnatakan hafði um nokkurra ára bil verið unnin af þjónustuaðila á heilbrigðisviði sem hafði sem gjaldfærði ráðuneytið fyrir um 100 milljónir á ári fyrir þjónustu sína. Í kjölfar úrboðs var samið við fyrirtæki í öryggisþjónustu um sýnatökuna. Fyrirtæki hafði fyrir alla innviði s.s. símaþjónustu, bifreiðar, kallkerfi og skiptiborð sem var opið allan sólarhringinn. Fyrirtækið réði nokkra heilbrigðisstarfsmenn í vinnu við sýnatöku og gerði samning við ráðuneytið um sýnatökuna fyrir rúmlaga 50 milljón krónur á ári. Kostnaður vegna vinnu Ríkiskaupa við verkefnið var um 600.000 kr.
- 2) Sveitarfélögin Sandgerði og Garður buðu út endurskoðun á reikningum sveitarfélaganna. Útboðið skilaði sveitarfélaginu Garði um 4,6 milljón króna sparnaði á ári. Kostnaður vegna vinnu Ríkiskaupa var um 200.000 kr., sem skiptist milli sveitarfélaganna.
- 3) Háskóli Íslands bauð nýlega út ræstingar á húsnæði skólans, um 60.000 fermetra. Kostnaður vegna fyrri samnings var um 150 milljónir árlega, áætlun um kostnað eftir útboð var um 135 milljónir kr. Samningur var gerður við lægstbjóðanda fyrir 90 milljónir króna á ári. Kostnaður vegna vinnu Ríkiskaupa var um 680.000 kr.
- 4) Ríkisstofnun bauð fyrir nokkru út kaup á tölvubúnaði. Kostnaðaráætlun kaupanda var í upphafi 70 milljónir sem var endurskoðuð og lækkuð í 63 milljónir er dróg að útboði. Gengið


var til samninga við lægstbjóðanda um kaupin, samningsfjárhæð 46 milljónir. Kostnaður vegna vinnu Ríkiskaupa var um 300.000 kr.

- 5) Lítið sveitarfélag bauð fyrir skömmu út heildartryggingar fyrir sveitarfélagið. Árlegur kostnaður hefur verið um 2,5 milljónir á ári þ.e undir útboðsmörkum sé samningur reiknaður til 3ja ára. Þrátt fyrir það var farið í útboð sem skilaði tilboði í árlegar tryggingar kr 1,860.000, raunar frá núverandi samningsaðila. Kostnaður við vinnu Ríkiskaupa var um 200.000 kr.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi. En rétt og skylt er að leggja áherslu á að forsendur árangurs í útboðum er skipulagður og faglegur undirbúningur í útboðsvinnu og -ferli.

Síðast en ekki síst má geta þess að einkafyrirtæki á Íslandi eru í vaxandi mæli að innleiða útboð og formlega ferla í innkaupum sínum. Ávinningur er marktækur, bjóðendur ánægðir með gegnsætt fyrirkomulag þar sem jafnræði milli þeirra er gætt og ný viðskiptatengsl mynduð þar sem áður var gjarna verslað við sömu aðila.

Velta rammasamninga á verðlagi hvers árs, án vsk.



Row Labels	Values		
	Sum of þóknun	Sum of Velta án VSK	þóknun meðaltal %
1999	17.834.928	1.026.024.137	1,74%
2000	24.100.222	1.564.039.736	1,54%
2001	30.495.941	2.040.613.699	1,49%
2002	37.279.737	2.482.772.877	1,50%
2003	35.214.367	2.459.027.187	1,43%
2004	40.892.256	3.204.533.727	1,28%
2005	45.286.666	3.875.914.114	1,17%
2006	54.613.677	4.853.126.134	1,13%
2007	58.223.416	4.982.895.664	1,17%
2008	73.207.277	5.983.783.696	1,22%
2009	72.322.078	5.883.285.096	1,23%
2010	86.303.574	7.047.037.224	1,22%
2011	105.073.080	9.101.608.168	1,15%
2012	84.959.674	7.556.016.556	1,12%
Grand Total	765.806.893	62.060.678.015	

Hér kemur fjarsk.samn. inn

Liðlega 20% komið hér inn af 4. ársfj. 2012
(ca kr 2.000 m óbokað)

RAMMASAMNINGAR RÍKISINS

DAGS: Janúar 2013

HLUTVERK RÍKISKAUPA

Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðherra og fer hann með framkvæmd laganna þar með talið stjórnslu laganna. Samkvæmt 85. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 skal á vegum ríkisins skal rekin miðlæg innkaupastofnun, Ríkiskaup.

Hlutverk Ríkiskaupa er að annast innkaup fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur. Komi upp ágreiningur um ákvörðun við val á tilboðum milli Ríkiskaupa sem umsjónaraðila útboðs og kaupanda er heimilt að vísa ágreiningnum til fjármálaráðuneytisins.

Ríkiskaup ráðstafa eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra. Ríkiskaup gera rammamninga fyrir hönd ríkisins og annast útboð og önnur innkaupaferli sem fram fara á vegum ríkisstofnana vegna innkaupa, hvort heldur er yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 20. eða 78. gr.

HVAÐ ER RAMMASAMNINGUR?

Skv. lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 er rammamningur skilgreindur sem:

„Samningur sem einn eða fleiri kaupendur skuldbinda sig til að gera við eitt eða fleiri fyrirtæki í þeim tilgangi að slá föstum skilmálum einstakra samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og fyrirhugað magn, ef við á“.

Ef skilmálar rammamnings eru ákveðnir er heimilt að gera einstaka samninga við rammamningshafa í samræmi við ákvæði rammamnings.

UM RAMMASAMNINGA

Fyrsti rammamningur Ríkiskaupa var gerður árið 1994. Árið 2012 voru um 732 virkir samningar við 550 birgja og velta rammamninga eykst ár frá ári. Hagkvæmni rammamninga byggist á þeirri einföldu hugmyndafræði að margt smátt geri eitt stórt. Samtakamáttur margra stofnana eykur þannig kaupmátt allra og kjörin verða eins og þau gerast best. Með virkri aðild að rammamningum Ríkiskaupa geta stofnanir sparað allt að 30–40% í innkaupum á þeim rekstrarþáttum sem samningar ná til.

Ríkiskaup annast útboð og gerð rammamninga á flestum sviðum vöru og þjónustu og leitast þannig við að tryggja þátttakendum í rammamningakerfinu bestu fánlegu kjör á markaðinum hverju sinni. Ef vara, þjónusta eða verk er keypt inn skv. rammamningi hefur skyldu til útboðs verið fullnægt, enda þótt innkaup séu yfir viðmiðunarfjárhæðum. Þannig uppfylla þeir sem kaupa inn eftir rammamningi ávallt útboðsskyldu.

HVERJIR ERU AÐILAR ?

Allar ríkisstofnanir eru sjálfkrafa aðilar að rammasamningum Ríkiskaupa. Auk þeirra geta sveitarfélög sótt um aðild með skriflegu umboði til Ríkiskaupa. Þá hafa einnig dvalar- og öldrunarheimili sem eru í blandaðri eigu ríkis og sveitarfélaga og/eða sjálfseignarfélög rétt til aðildar. Í upphafi árs birta Ríkiskaup kynningarauklýsingu um áætluð rammasamningsútböð á árinu. Í framhaldinu geta ríkisstofnanir, sem einhverra hluta vegna vilja ekki vera bundnar af rammasamningum sagt sig frá ákveðnum samningum og skal þess þá getið í útböðsgögnum. Úrsögn úr samningi gildir út samningstímann.

Sveitarfélög verða hins vegar að sækja um aðild og þurfa að gera það árlega. Ríkiskaup senda út bréf í upphafi árs til forsvarsmanna sveitarfélaga þar sem þeim er bent á að endurnýja umboð sitt.

AF HVERJU AÐILD ?

Aðild að rammasamningskerfi Ríkiskaupa tryggir opinberum kaupendum umtalsverðan afslátt af fjölmörgum þeim þáttum sem þyngst vega í almennum rekstri stofnana. Þar má nefna rekstrar- og skrifstofuvörur, raftæki, tölvu- og hugbúnað, leigu á bifreiðum ásamt eldsneyti og olíuvörum, vöruflutningi, matvörum og borðbúnaði ásamt hjúkrunar- og sjúkrahúsvörum. Þá eru rammasamningar um ráðgjöf og þjónustu orðnir stór hluti heildarkerfisins.

AF HVERJU UMSÝSLUÞÓKNUN ?

Umsýsluþóknun vegna rammasamninga er nokkurskonar vörslugjald. Seljendur innheimta í raun 0,5-2% af veltu samninga hjá kaupendum við hver innkaup og skila til Ríkiskaupa eftir hvern ársfjórðung. Seljendum er uppálagt að gera ráð fyrir umsýsluþóknuninni í boðnu verði þegar tilboð eru gerð.

Seljendur í rammasamningum standa skil á ofangreindri umsýsluþóknun til Ríkiskaupa sem hlutfall af veltu þeirra í rammasamningum. Þær tekjur sem þannig renna til Ríkiskaupa eru eingöngu til þess að standa undir kostnaði við umsýslu og viðhald kerfisins.

Meðal þess sem Ríkiskaup standa fyrir í tengslum við rammasamningskerfið er viðamikil fræðslu- og upplýsingastarf um innihald rammasamninga og opinber innkaup almennt. Auk þess halda Ríkiskaup úti samningsvöktun rammasamninga sem felur í sér m.a. virkt verðeftirlit og samskipti við birgja og kaupendur á samningstíma til að tryggja sem best að samningar skili þeim samningsbundna ávinningi sem allir aðilar binda vonir við. Einnig sjá Ríkiskaup um vörslu allra samninga og tryggja aðgengi kaupenda að þeim á rafrænu formi yfir netið.

UM ÖRÚTBOÐ INNAN RAMMASAMNINGA

Ef skilmálar rammasamnings eru að einhverju leyti óákveðnir skal fara fram **örútböð** milli rammasamningshafa, eftir atvikum eftir að skilmálar eða tæknilegar kröfur hafa verið skýrðar nánar, allt í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a) **Við gerð hvers einstaks samnings skal kaupandi ráðfæra sig skriflega við þá rammasamningshafa sem efnt gætu samninginn.**
- b) **Kaupandi skal ákveða tilboðsfrest sem er nægilega langur til að rammasamningshafar geti gert tilboð vegna þess samnings sem um er að ræða. Við mat á lengd frests skal taka tillit til hversu flókið efni samningsins er svo og sendingartíma.**
- c) **Tilboð rammasamningshafa skulu vera skrifleg og efni þeirra skal vera trúnaðarmál þar til tilboðsfrestur hefur runnið út.**
- d) **Kaupandi skal velja á milli tilboða rammasamningshafa á grundvelli valforsendna sem fram hafa komið í skilmálum rammasamnings.**

MINNISBLAÐ

DAGS: 18. desember 2013
EFNI: Rammasamningar ríkisins og umsýslubóknun

Að beiðni fjármála- og efnahagsráðuneytis sendum við ykkur meðfylgjandi fylgiskjöl um rammasamninga ríkisins annars vegar og hinsvegar skjal sem sýnir þróun veltu rammasamninga og umsýslubóknunar frá 1999. Það ár var fjöldi rammasamninga 122. Í dag er heildarfjöldi þeirra við fyrirtæki og einstaklinga orðin 732. Þetta minnisblað er viðbót við þær upplýsingar sem yfirlögfræðingur okkar hefur sent varðandi lagalega heimild og dómafordæmi og fl.

Umsýslubóknun er í dag eins og fram kemur í fylgiskjali 0,5 - 2%, sem seljendum ber að hafa innifalið í tilboðum sínu til Ríkiskaupa. Meðalþóknun hefur lækkað ár frá ári, var árið 1999 1,74% og var í árslok 2012 var hún komin niður í 1,12%. Þessi þóknun stendur undir um 40% af rekstrarkostnaði Ríkiskaupa. Til að gæta jafnræðis gagnvart notendum rammasamninga var fallið frá því árið 2012 að nota fast áskriftargjald og eru því aðeins innheimt prósentugjald í samræmi við hlutfallslega notkun samnings. Sú notkun er í dag byggð á upplýsingum seljenda.

Miðlægar innkaupastofnanir í Evrópu nota þóknun af rammasamningum með sama og svipuðum hætti og gert er hérlandis. Hér fyrir neðan koma nokkur dæmi um þeirra þóknunir:

Danmörk: SKI innheimtir að meðaltali 0,87% af notkun rammasamningum og er þóknun innheimt hjá seljendum. Í tveimur nýlegum rammasamningsútboðum hjá SKI í Danmörku er þóknunin 1,5% veltu.

Svíþjóð: Samkvæmt samtali við verkefnastjóra á Kammerkollegiet í Stockholm er þóknun í UT útboðum 0,7 %.

Portúgal: Frá 0,5 – 3%. Rafmagn 0,5%, hugbúnaður 3%, bílar 2% og aðrir samningar 1%.

Ítalía: Stofnunin er á fjárlögum en verið að meta um þessar mundir að leggja á þóknun á seljendur.

Austurríki: Stofnunin er á fjárlögum og einnig er innheimt svo kallað „e-charge“ 0,4% af seljendum, auk 0,4% þóknunar hjá þeim stofnunum sem ekki eru skyldar skv. lögum að vera með í miðlægum samningum.

Finnland: Stofnunin var fjármögnuð árið 2012 með 1,12 % meðaltalsþóknun.

Sama þróun hefur verið á innheimtuformi og upphæð gjalda hjá Evrópuþjóðum, flestar hafa leitað í sömu eða svipaða átt. Í Noregi og Svíþjóð eru ekki miðlægar innkaupastofnanir. Um þessar mundir er hafin vinna í Svíþjóð við uppbyggingu slíkrar stofnunar og Noregur er með þessi mál í athugun í sama augnamiði.

Fylgiskjöl:

- 1) Rammasamningar ríkisins
- 2) RS-velta